Páll Guðmundsson Baugsstöðum.

Þegar Baugsstaðabræður breiddu vegginn.

Um kílómetra fyrir vestan Baugsstaði er Baugsstaðavatn. Fyrir austurenda þess er hraunhryggur sem liggur frá norðri til suðurs. Í gegnum þennan hrygg er skora metra víð, um hana fellur Baugsstaðaá úr vatninu og rennur austur fyrir neðan Baugsstaðabæinn og fellur þar í sjó. Svo er landið þarna lágt að ekki er nema rúmlega meters hæðarmunur frá stjórstraums flóðborði upp að fossi sem bergstallur myndar skammt neðan við útfallið úr vatninu.

Norðan árinnar er slétt grasflöt austur að bæ. Fyrir ofan þessa sléttu, fjær ánni hækkar landið, er það mólendi og hraunið víða uppúr. metrum austur frá vatnsútfallinu stendur Baugsstaðarjómabúið (er enn varðveitt í sinni upprunalegu mynd) norðan árinnar, og fellur lækurinn, sem vélar þess ganga fyrir í ána. Sunnan árinnar er nokkuð stórt sléttlendi. Um ... metra suður frá ánni eru ferðamannagöturnar og lágu frá austri til vesturs. Fyrir sunnan göturnar er grasigróinn tangi sem gengur fram úr ströndinni. Þetta land heitir Baugsstaðakampur. Austurjaðarinn á þessu graslendi var allur að blása upp, þegar foreldrar mínir komu að Baugsstöðum. Gegn um þetta land lágu ferðamannagöturnar milli hárra fallbakka. Í stórflóðum féll sjór þarna og þvoði úr bökkunum og vindurinn feikti lausum sandinum í allar áttir.

Yfir skarðið í klöppunum þar sem áin rennur úr vatninu var göngubrú um 1860, og sennilega fyrr vað fyrir neðan brúna, grýtt og vont. Þarna drukknuðu 3 menn í stórflóðum með nokkurra ára millibili. Einn ætlaði að ríða vaðið milli soga. Drukknuðu bæði maður og hestur. Hina tók út af brúnni.

Um þetta leyti var mikill draugagangur þarna með sjávarspiðunni, einkanlega í sandskörðunum og við Baugsstaðaá. Voru sögur um það sumar skoplegar. Hélzt þetta við fram á síðasta tug 19. aldar. Auðvitað var Bakkus höfuðpaurinn í þessum draugagangi.

Nálægt 1870 var gerð brú á Baugsstaðaá. Þrjú sterk burðartré úr rekavið voru lögð á klappirnar. Yfir enda þeirra voru beygðir sverir járnteinar sem gengu niður í klöppina og var svo blýi rennt í kring. Þessi umbúnaður var gerður til þess að sjór gæti ekki hrifið brúna með sér í hæstu flóðum. Líklegast hafa Baugsstaðabræður, synir Magnúsar Hannessonar er þar var bóndi á árunum 1854 -1892 smíðað brúna.

Um Baugsstaði lá fjölfarin ferðamannaleið, Rangæingar, Vestur-Skaftfellingar fóru þessa leið nær eingöngu á leið sinni

að og frá Eyrarbakka.Einnig fóru þeir um á Baugsstöðum ,sem fóru svokallaðan Ásaveg en það voru ferðamenn úr uppsveitunum og austurhluta Flóans.Ásavegurinn mátti heita eini vegurinn suður um Flóann úr ofanverðri sýslunni þangað til að Eyrarbakkavegurinn var lagður frá Selfossi.

Skammt vetan við Baugsstaðabæinn endaði Ásavegurinn. Þar fyrir sunnan ána komu saman austanmenn og Árnesingar.Þaðan lá leiðin um sandskörðin vestur sjávarbakkann til Eyrarbakka. Þetta voru sýsluvegir.Nærri má geta að lítið fé var til þess að halda þeim við eða byggja þá upp. Þó var upphlaðinn vegur yfir nokkur mýrarsund á Ásaveginum.Arnarhólsvað var versta torfæran á þessum vegi,það var á hróarsholtslæk,grýtt og misdjúpt. Þar var gerð brú á áttundatug 19.aldar og brú var gerð skömmu fyrir aldamótin á Baugsstaðasíki.

Eftir að brýrnar komu á Ölfusá og Þjórsá dró mjög úr umferðinni hér við suðurströndina. Um aldamótin komu hestvagnarnir til sögunnar Fyrir þá voru gömlu göturnar ófærar,í þeim var svo mikill laus sandur ,varð því að fara flatirnar fyrir norðan þær, ~~og flatirnar~~ um vaðið og flatirnar fyrir vestan og norðan bæinn og þar austur fyrir hann.Og frá vaðinu árbakkann vestur að Rjómabúinu, þegar það kom 1905.

Nú kom nýtt vandamál til sögunnar,ný eyðilegging af umferðinni.Gróðurinn var mjög veikur,skáru vagnhjólin hann fljótlega niður í hreinan sandinn. Blessaðir hestarnir fundu fljótt hvað vagninn þyngdist og færðu sig úr götunni þangað sem fastara var undir. Göturnar urðu því margar og þéttar. Þetta land er eins og áður segir lágt og í stórflóðum sem þá voru tíð skolaði sjórinn sandinum upp úr götunum og varð sumstaðar samfellt flag ,sem vindurinn svo blés upp.

Sáum við bræður að þetta land yrði allt að flagi ef svo héldi áfram.

Taka hér inn í Það sem þurfti að gera var að taka fyrir umferðina þarna. Gera brúna á Baugsstaðaá vagnfæra og leggja veginn á heiðarbrúnina fyrir norðan ána ~~og Rjómabúið~~ og fyrir norðan túnið og austur fyrir bæ. Þetta er nokkuð á annan kílómetra vegalengd. Fyrir sunnan brúnaer hálendur og sendinn mói var auðgert að laga hann niður á Skipaflatirnar. Þetta var sýsluvegur.Júníus Pálsson var þá sýslunefndarmaður í Stokkseyrarhreppi og lengi síðan. Við fórum til hans og sýndum honum fram á nauðsýn þess að taka fyrir umferðina á flötunum og gera nýja brú á ána. Hann tók þessu vel en sá galli var á að sýslusjóður hafði enga peninga til þess að leggja í þetta ,hann væri alltaf í fjárþröng og gæti naumlega haldið við vegunum í sýslunni.

Ef við treystum okkur til að gera þetta án þess að fá það strax borgað þá skyldi hann lofa því að sjá um að við fengjum þetta borgað svo fljótt sem kostur væri á. Okkur þótti þetta góðar undirtektir, eftir aðstæðum.

Vorið 1907 byggðum við þarna nýja brú. Vorum við bræður einir við það verk. Við höfðum hana 1 1/2 feti hærri en þá gömlu og vel breiða fyrir vagna. Kampana hlóðum við úr grjóti og lögðum í steinsteypu. Timbur og sement fengum við í kaupfélaginu Ingólfur á Stokkseyri. Brúin var vel gerð. Næsta vor gerðum við veginn austur fyrir Baugsstaðatún, að norðanverðu við það.
Vegarstæðið mátti heita lárétt, þó með nokkrum mishæðum.
Veginn gerðum við feti hærri en hæstu undirstöðurnar.
Vegarstæðið er gott og liggur svo hátt að stórflóð ná honum ekki.
Megnið af undirstöðunni er sendin mold, og þurfti því ekki mikinn ofaníburð til þess að verða harður. Fyrir norðan túnið þar sem við lögðum veginn var vallendismói ~~þar sem við lögðum veginn~~.
Við tímdum ekki að leggja veginn ofan á grasrótina og skárum við ofan af vegarstæðinu og notuðum þökurnar til þess að klæða sár sem voru skammt frá. Þetta var mikið verk. Við vorum fjórir sem unnum að þessu. Við bræðurnir, Ólafur Guðmundsson frá Brekkum í Mýrdal og Þorkell Sigurðsson frá Baugsstöðum, þá 16 ára.
Ólafur þessi kom fyrst sem háseti til Andrésar á Vestri-Hellum, flentist þar og gerðist lausamaður, ágætismaður. Vann hann oft hjá okkur bræðrum. Allt voru þetta góðir verkmenn og Siggeir bróðir minn afbragð annarra manna. Meðan á þessari vegagerð stóð þurftum við að skreppa á sjó til þess að fá í soðið. Einnig gerðum við veg yfir túnið og heim á hlað.

Gísli Scheving bóndi í Stakkavík í Selvogi mældi þá jarðabætur hjá bændum. Hann kom til okkar vorið 1909 og leist vel á verkið, taldi þetta vera svo mikla jarðabót að sjálfsagt væri að styrkja það. Hann sagðist þora að taka alla vegagerðina sem heimreið en á þær var þá dálítill styrkur. Ofaníburður var nærtækur, bárum við nokkuð í veginn um sumarið og tvö næstu haust.
Sýslusjóður borgaði efnið í brúna, hitt dróst nokkuð á langinn en að lokum fengum við kostnaðinn að nokkru leyti greiddan.

Dálítið þurfti að laga frá vrginum þegar komið var yfir brúna og niður á Skipaflatirnar. Áður var þetta lága flatlendi kallað Skipasandur, var smágrýttur og grófur, fauk lítið.

Frá brúnni girtum við með tveimur snúrum fyrir norðan gömlu-göturnar. Á einn stólpann settum við spjald, sem Guðrún föðursystir okkar, sem þá var stödd á Baugsstöðum skrifaði á:

"Sjötta ágúst verður opnuð brúin Baugsstaða á á og bragnar eiga að fara nýja veginn.

En þeim forna er öllum vísað frá ,og öflug loka þar að hliðum slegið

Næsta haust bárum við ofan í veginn,var ofaníburðurinn allgóður og nærtækur.Var vegurinn þá fullgerður og mátti heita fallegt mannvirki.Og þótt við fengjum ekki meiri styrk til hans en raun bar vitni vorum við mjög ánægðir þegar þetta var búið.
Með þessari vegagerð var tekið fyrir alla eyðileggingu af umferðinni í Baugsstaðalandi.Þegar bílarnir komu um eða eftir 192o var brúin of mjó fyrir þá .Varð þá að gera brúna upp og breikka en höfð var hún í sömu hæð og hún var.
Þetta verk er ekki í frásögur færandi því margir hafa annað eins gert fyrir jörðina sína.Það sem þarna réði var ."Tryggð við ættjörð og hugsjónir." Jörðin var svo rýr og afsér gengin.
Verst var slægjuleysið og áburðarleysið .
Fyrir Baugsstaðalandi er hraunið svo hátt í fjörunni að enginn gróður er í flæðarmálinu.

Við bræður höfðum nú kynnst nokkuð sjómennskunni og stórútgerðinni og þá jafnframt kaupsstaðarlífinu og af þeim kynnum fundum við að heima er bezt. Eins og jörðin var orðin afsér gengin mátti það heita barnaskapur að láta sér detta í hug að gera úr henni góða jörð,eða höfuðból. En það var hugsjón okkar bræðra. Það þarf sérstaka skapgerð til þess að koma svona hugsjón í framkvæmd,þolinmæði og þrautsegju. Sjá möguleikana víða annarsstaðar .En líta hvorki til hægri né vinstri og horf ekki um öxl,það er mátinn."